
Framkvæmdarannsókn að Sogni í Ölfusi



Sólveig G. Beck (ritstj.)

Höfundar efnis: Sólveig G. Beck, Guðrún Alda Gísladóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson

Fornleifastofnun Íslands ses
Reykjavík, 2026
FS1109-26101

Forsíðumynd sýnir hina flóknu og miklu uppsöfnun fokjarðvegs sem afhjúpuð var fast norðan bæjarhóls í heimatúni Sogns í Ölfusi. Fyrir miðri mynd má sjá óljósar leifar af landnámslaginu í umbyltu torfi á hátt í 1,5 metra dýpi í suðurenda skurðar 5.

©Fornleifastofnun Íslands ses 2026

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

GRUNNUPPLÝSINGAR **4**

SAMANTEKT **5**

ABSTRACT **6**

1. INNGANGUR **7**

2. AÐFERÐAFRÆÐI **9**

2.1. UPPGRÖFTUR 9
2.2. GRIPIR OG SÝNI 9

3. KÖNNUNARSKURÐIR Í HEIMATÚNI AÐ SOGNI Í ÖLFUSI **10**

4. NIÐURSTÖÐUR **24**

5. HEIMILDASKRÁ **25**

VIÐAUKI 1 - LJÓSMYNDASKRÁ 26
VIÐAUKI 2 - FORNLEIFARANNSÓKNIR Á SOGNI Í ÖLFUSI. MAGNÚS Á. SIGURGEIRSON. 36

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202604-0150

Þjóðminjasafnsnúmer: 2026-25

Staðsetning: Sogn í Ölfusi, Árnessýslu.

GPS hnit: ISN93: A 395646, N 390070.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn, könnunarskurðir.

Leyfishafi: Sólveig G. Beck.

Númer fornleifa úr skráningarskýrslum og tilvísun í skýrslurnar: Engar fornleifar hafa verið skráðar innan rannsóknarsvæðis AB en bæjarhóll ÁR-514:001 er <15 m suðvestan svæðisins, sjá Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2025.

Stutt lýsing rannsóknar: Framkvæmdarannsókn. Teknir voru 10 könnunarskurðir með gröfu í heimatúnið að Sogni í Ölfusi rétt norðan bæjarhóls vegna áætlaðra framkvæmda á svæðinu. Engir gripir fundust við rannsóknina.

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: Þegar búið var að mæla og skrásetja öll mannvistarlög í skurðum 1-10 var fyllt upp í þá aftur án þess að tyrfa yfir.

Rannsóknartími: Vettvangsvinna stóð yfir frá 4. maí til 12 maí 2026.

Fjöldi starfsmanna: 3

Samantekt

Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna hvort minjar væru undir sverði á Sogni í Ölfushreppi þar sem framkvæmdir eru áætlaðar vestan við núverandi húsaþyrpingu. Reiturinn sem kallaður var AB, var um 1500 m², staðsettur rétt norðaustan bæjarhóls að Sogni og því innan heimatúns. Heimildir eru til um búsetu að Sogni frá fyrri hluta 16. aldar. Minjastofnun Íslands (MÍ) gerði kröfu um könnun á svæðinu m.t.t. fornleifa, skv. bréfi dagsettu 20. maí 2025, nr. MÍ202503-02125, og í kjölfarið fengu framkvæmdaraðilar Fornleifastofnun Íslands (FSÍ) til verksins. Skv. kröfum MÍ skyldi 10% af rannsóknarsvæðinu kannað með könnunarskurðum, alls um 150 m². Leyfi fyrir rannsókninni barst FSÍ þann 22. apríl 2026 og vettvangsrannsókn fór fram á tímabilinu 4. maí -12. maí 2026.

Alls voru vélgrafnir 10 könnunarskurðir, samtals 143 m langir. Meðaldýpt skurðanna var um 1,8 m. Öll snið voru hreinsuð, ljósmynduð og 7 m valdir til skrásetningar með sniðteikningum. Einu gjóskulögin sem fundust voru Katla~1500 rétt undir yfirborði og brotakenndar leifar af landnámsgjósku á 1,6-1,7 m dýpi næst bæjarhól. Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur greindi gjóskulögin.

Jarðlögin á Sogni einkenndust af mikilli jarðvegsuppsöfnun en öllum jarðvegslögum eftir 1500 hafði verið umbylt við túnasléttun og jarðyrkju. Engin mannvirki komu í ljós við rannsóknina. Skurðirnir voru mjög einsleitir en þó mátti greina örfín öskuslitur og -lög í öllum skurðunum, öll líklega eldri en 1500. Þessi öskulög gætu verið fok frá bæjarhól eða einhverskonar jarðbætur. Greinilegustu mannvistarlögin á svæðinu voru jarðvegslög blönduð viðar- og móösku, kolum og einstaka brenndu beini á 1,5-1,7 m dýpi. Þessar öskuleifar voru skýrastar í suðurenda skurðar 5, næst bæjarhól og þar eru sennilega upptökin. Fast neðan þessa lags fannst slitrótt landnámsgjóskan, sennilega rofin vegna umsvifa á svæðinu. Mannvist hefur því líklega verið á Sogni frá því stuttu eftir landnám.

Abstract

The purpose of this investigation was to determine whether archaeological remains were present at Sogn in Ölfushreppur, in a small area to the west of the existing cluster of buildings where construction work is planned. The area, designated as Area AB, covered approximately 1,500 m² and was located just northeast of the farm mound at Sogn, within the farm's old home field. Sogn is first mentioned in documentary sources in the first half of the 16th century.

The Cultural Heritage Agency of Iceland (Minjastofnun Íslands, MÍ) required an archaeological investigation of the area, as specified in a letter dated 20 May 2025 (No. MÍ202503-02125). Following this requirement, the developers commissioned the Institute of Archaeology (Fornleifastofnun Íslands, FSÍ) to carry out the work. In accordance with MÍ's requirements, 10% of the area was to be examined using trial trenches, amounting to approximately 150 m². FSÍ received the research permit on 22 April 2026, and fieldwork was conducted between 4 and 12 May 2026.

A total of 10 mechanically excavated trial trenches were opened, with a combined length of 143 m. The trenches had an average depth of approximately 1,8 m. All trench profiles were cleaned and photographed, and a total of 7 m of sections were selected for documentation through section drawings. The only tephra layers identified were the Katla ~1500 layer and fragmentary remains of the Landnám tephra layer at a depth of 1,6–1,7 m, closest to the farm mound. The tephra layers were identified by Magnús Á. Sigurgeirsson, tephrochronologist.

The soil stratigraphy at Sogn was characterised by substantial soil accumulation. However, all soil layers deposited after 1500 had been disturbed by land levelling and agricultural activity. No structures were discovered during the investigation. The trench sections were strongly uniform, although very fine fuel ash deposits and lenses, all probably dating to before 1500, could be identified in every trench. These fuel ash deposits may represent windblown material from the farm mound or some form of soil improvement.


The clearest evidence of human activity in the area consisted of soil layers mixed with wood ash, peat ash, charcoal and occasional fragments of burnt bone, at a depth of 1.5–1.7 m. These ash deposits were most clearly visible at the southern end of Trench 5, closest to the farm mound, which is likely to have been their main source. Immediately beneath this layer, discontinuous remains of the Landnám tephra layer were identified, probably disturbed by human activity in the area.

Human activity therefore likely took place at Sogn, at least to some extent, very shortly after the settlement of Iceland in the late 9th century.

1. Inngangur

Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna hvort minjar væru undir sverði í heimatúni Sogns í Ölfushreppi fyrir hönd Ríkiseigna og Sveitafélagsins í Ölfusi vegna áætlaðra framkvæmda rétt norðvestan við núverandi húsaþyrpingu jarðarinnar. Árið 2025 var gefin út ítarleg minjaskráning fyrir Sogn vegna framkvæmdanna og voru þá alls skráðir rétt rúmlega tuttugu minjastaðir á um 35 ha svæði á jörðinni og umhverfis gamla bæjarhólinn ÁR-514:001[1]. Þar kemur fram að bærinn Sogn kemur fyrst fram í heimildum á fyrrihluta 16. aldar.[2]

Rannsóknarsvæðið sem kallað var AB[3] var um 1500 m^2, rétt norðan gamla bæjarhólsins að Sogni (Mynd 1). Árið 1920 var aðeins eitt útihús ÁR-514:002 skráð í heimatúni ásamt bæjarhúsum og matjurtagarði á bæjarhól. Þessi mannvirki voru öll utan svæðisins en þó er bæjarhóll innan við 15 m frá rannsóknarsvæðinu til suðvesturs. Ekki eru þekktar neinar heimildir sem geta mannvirkja innan svæðisins og vegna túnasléttunar sjást engin merki um eldri minjar á yfirborði (Mynd 2).



Mynd 1. *Staðsetning úttektarreits AB í heimatúni Sogns í Ölfusi. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Íslandskort: Náttúrufræðistofnun Íslands.*

[1] Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2025.
[2] DI X, bls. 698-699.
[3] Rannsóknarsvæði AB, hluti af áður skipulögðum framkvæmdasvæðum A1 og B1.



Mynd 2. *Horft er hér til norðvesturs yfir sléttað heimatúnið að Sogni í Ölfusi fast norðan við bæjarhól. Ljósmynd: Sólveig G. Beck.*

Minjastofnun Íslands (MÍ) gerði kröfu um fornleifakönnun á svæðinu, skv. bréfi dagsettu 20. maí 2025[4], og í kjölfarið fengu framkvæmdaraðilar Fornleifastofnun Íslands (FSÍ) til verksins. Skv. kröfum MÍ skyldi 10% af rannsóknarsvæðinu kannað með könnunarskurðum, alls um 150 m^2. Leyfi fyrir rannsókninni barst FSÍ þann 22. apríl 2026[5] og vettvangsrannsókn fór fram á tímabilinu 4.-12. maí 2026. Verkið unnu Sólveig G. Beck, Guðrún Alda Gísladóttir og Ragnheiður Gló Gísladóttir fornleifafræðingar. Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur greindi gjóskulög. Vegna eðlis rannsóknarstaðar og lagalegra kvaða var ekki hægt að taka drónamyndir af svæðinu á meðan á rannsókn stóð.[6]

Alls voru vélgrafnir 10 könnunarskurðir, samtals 143 m langir. Jarðlögin á Sogni einkenndust af mikilli jarðvegsuppsöfnun en einu gjóskulögin sem fundust voru Katla~1500 rétt undir yfirborði og brotakenndar leifar af landnámsgjósku á um 1,6 m dýpi. Öllum jarðvegslögum eftir 1500 hefur verið umbylt við túnasléttun og jarðyrkju. Engin mannvirki komu í ljós við rannsóknina. Skurðirnir voru mjög einsleitir en þó mátti greina örfín öskuslitur og -linsur og kol, í öllum skurðunum frá landnámi. Mannvist hefur því líklega verið að Sogni að einhverju leyti allt frá því stuttu eftir landnám.

[4] Oddgeir Isaksen, 2025. Umsögn nr. MÍ202503-02125.
[5] Sólrún Inga Traustadóttir, 2026. Rannsóknarleyfi nr. MÍ202604-0150.
[6] Á Sogni er starfrækt fangelsi.

2. Aðferðafræði

2.1.Uppgröftur

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands[7]. Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp í þessari rannsókn. Skurðir voru hnitsettir og mældir upp með Archer 4 gps staðsetningartæki. Á meðan á uppgrefti stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Í þessari rannsókn voru einkum grafnir könnunarskurðir. Þeir voru grafnir með vélgröfu undir eftirliti fornleifafræðings niður á náttúruleg jarðlög á 1,5-2 m dýpi. Jarðlög í skurðunum voru skráð með sniðteikningum og ljósmyndum. Litla mannvist var að finna í skurðum og því teiknaðir 0,5-1 m af sniði í hverjum skurði til að sýna almenna jarðlagamyndun og -rask á svæðinu.

2.2. Gripir og sýni

Gripir og sýni sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þau geta m.a gefið góðar vísbendingar um aldur og eða hlutverk mannvistarlaga og/eða bygginga. Eru þau öll númeruð í hlaupandi númerakerfi, í gripaskrá og sýnaskrá. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma og hvar sýni eru tekin, eru einingarnúmer mannvistarlaga hengd við gripa- og sýnanúmerin og fylgja einingarnúmerin bæði gripum og sýnum gegnum allt úrvinnsluferlið[8].

[7] Lucas, 2003
[8] Lucas, 2003


3. Könnunarskurðir í heimatúni að Sogni í Ölfusi

Framkvæmdasvæði AB var um 0,15 ha í norðausturhluta heimatúns, fast norðvestan við húsaþyrpinguna að Sogni og um 15 m NNA bæjarhóls (Mynd 3). Samkvæmt túnakorti Sogns frá um 1920 voru engin útihús á þessu svæði og vegna túnasléttunar sáust engin líkleg ummerki um eldri mannvirki á yfirborði í byrjun rannsóknar. Landið þar sem rannsóknin fór fram er nokkuð flatlent en hækkar skarpt til norðurs og norðausturs. Alls voru vélgrafnir tíu könnunarskurðir (Sk1-10), um 145 m^2 samtals (Mynd 3). Skurðirnir voru grafnir niður í náttúrulegan jarðveg, niður fyrir leiðarlag sem talið er hafa myndast stuttu eftir landnám og var meðaldýpt skurðanna um 1,8 m. Þeir hlutar sniðanna í hverjum skurði sem taldir voru mest lýsandi voru valdir til skrásetningar og teiknaðir í skalanum 1:10. Alls voru teiknuð ellefu 0,5-1 m breið snið (Myndir 3 og 4). Öll snið voru hreinsuð og ljósmynduð (sjá ljósmyndaskrá í Viðauka 1) og mannvistar- og jarðvegslög skráð með einingaaðferð (sjá lýsingar í töflu 1).



Mynd 3. *Yfirlitsmynd af staðsetningu og stærð könnunarskurða (Sk1-10) sem grafnir voru innan úttektarreits AB (gular útlínur) í gamla heimatúninu að Sogni, um 12 m norðan við bæjarhól ÁR-514:001. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Áður en vettvangsvinna fór fram hafði verið lagður um 4 m breiður malarslóði norðvestur-suðaustur yfir rannsóknarsvæðið ofan á óhreyft yfirborð heimatúnsins. Könnunarskurðir 1-3 voru grafnir fast meðfram þessum vegslóða og liggja því allir norðvestur-suðaustur, um 35 m ofan og



Mynd 4. *Ellefu snið voru teiknuð í skurðum 1-10. Aðeins voru teiknuð 0,5-1 m breið snið í hverjum skurði þar sem ekki fundust nein greinileg ummerki um mannvirki á svæðinu. Skýr ummerki sáust um mannvist í næsta nágrenni í sniðunum á mó- og viðaröskulögum og ösku- og kolablönduðum jarðvegi.*

Tafla 1 - *Einingar í skurðum 1-10.*

Eining	Svæði	Tegund	Snið	Lýsing	Dags.	ID	Athugasemdir
101	Sk1	D	N, 50 cm	grasrót	4.5.2026	GAG	Allt sendið silt-siltlóm
102	Sk1	D	N, 50 cm	laus, rótarskotinn dökkbrúnn jarðvegur	4.5.2026	GAG	
103	Sk1	D	N, 50 cm	þéttur, dökkgrábrúnn sendinn jarðvegur, hreinn	4.5.2026	GAG	
104	Sk1	D	N, 50 cm	Katla 1500, svört gjóska	4.5.2026	GAG	
105	Sk1	D	N, 50 cm	gulbrúnleitur, hreinn jarðvegur	4.5.2026	GAG	
106	Sk1	D	N, 50 cm	sendin fín möl, gráleitt og gróft	4.5.2026	GAG	
107	Sk1	D	N, 50 cm	rauðbrúnn, hreinn, líkur 105 en rauðari	4.5.2026	GAG	
108	Sk1	D	N, 50 cm	sendinn rauðbrúnn jarðvegur, um 1 cm grænleit jarðvegslinsa neðarlega	4.5.2026	GAG	
109	Sk1	D	N, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðgráleitur jarðvegur	4.5.2026	GAG	
110	Sk1	D	N, 50 cm	rauðyrjóttur, leirkenndur, blandaður gráu og rauðu	4.5.2026	GAG	
111	Sk1	D	N, 50 cm	gráleitur, leirkenndur jarðvegur, rauðbrúngráar skellur og linsur	4.5.2026	GAG	
201	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	grasrót, 10-15 cm	4.5.2026	GAG	
202	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	rótarskotinn brúnn jarðvegur	4.5.2026	GAG	
203	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	þéttur dökkbrúnrauður jarðvegur, hreinn	4.5.2026	GAG	
204	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	þéttur dökkrauður jarðvegur, hreinn	4.5.2026	GAG	
205	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	rauðbrúngulur jarðvegur, með gráum smásteinum	4.5.2026	GAG	
206	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	sjá 204	4.5.2026	GAG	
207	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	sjá 205	4.5.2026	GAG	
208	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	líkt 204 og 206, hreinn	4.5.2026	GAG	
209	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	4.5.2026	GAG	Lárétt uppsöfnun
210	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	marglagskipt foklög, gráleitur og gulleitur jarðvegur til skiptis	4.5.2026	GAG	
211	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	grábleik aska? 0,5-1 cm, blönduð móaska og kol	4.5.2026	GAG	Örlítil mannvist, skarn?
212	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	blandað áfok, rauðbrúnt, hreyft	4.5.2026	GAG	
213	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	rauðbrúnn jarðvegur og grár sandur og möl	4.5.2026	GAG	
214	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	4.5.2026	GAG	
215	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	svipað 213 en fínna	4.5.2026	GAG	
216	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	líkt 214	4.5.2026	GAG	
217	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	svipað 215	4.5.2026	GAG	

218	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	svipað 216	4.5.2026	GAG	
219	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	líkt 217 en fínna	4.5.2026	GAG	
220	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	marglagskipt foklög, rauðbrún til grábrún	4.5.2026	GAG	
221	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	svipar til 213	4.5.2026	GAG	
222	Sk2	D	Snið A, N, 50 cm	svipar til 220	4.5.2026	GAG	
251	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	grasrót, 10-15 cm	6.5.2026	GAG	VAR 201II
252	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	gulrauðbrúnn jarðvegur	6.5.2026	GAG	VAR 202II
253	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	rauðgulbrúnt sendið silt	6.5.2026	GAG	VAR 203II
254	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	Katla 1500, in situ, svört gjóska	6.5.2026	GAG	VAR 204II
255	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	rauðbrúnn blandaður jarðvegur	6.5.2026	GAG	VAR 205II
256	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	fylling í rás/dæld í túni, blandaður jarðvegur	6.5.2026	GAG	VAR 206II
257	Sk2	C	Snið B, N, 100 cm	rásin	6.5.2026	GAG	VAR 207II
258	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	rauðbrúnn einsleitur jarðvegur, sama og 259	6.5.2026	GAG	VAR 208II
259	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	sama og 258	6.5.2026	GAG	VAR 209II
260	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	6.5.2026	GAG	VAR 210II
261	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	marglagskipt foklög, gráleitur og bleikleitur jarðvegur	6.5.2026	GAG	VAR 211II
262	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	móöskublandaður jarðvegur, 1 skýr bleik linsa, um 1 cm þykk, um 65 cm	6.5.2026	GAG	VAR 212II, mannvist
263	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	svipað 261	6.5.2026	GAG	VAR 213II
264	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	svart, sendið foklag	6.5.2026	GAG	VAR 214II
265	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	marglagskipt foklög, rauðbrúnn jarðvegur og grár/svartur sandur og möl	6.5.2026	GAG	VAR 215II
266	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	sandlinsa, svört	6.5.2026	GAG	VAR 216II
267	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	líkt 265	6.5.2026	GAG	VAR 217II
268	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	líkt 266	6.5.2026	GAG	VAR 218II
269	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	líkt 265	6.5.2026	GAG	VAR 219II
270	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	líkt 266	6.5.2026	GAG	VAR 220II
271	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	líkt 265	6.5.2026	GAG	VAR 221II
272	Sk2	D	Snið B, N, 100 cm	gráyrjóttur og rauðbleikleitur leirkenndur jarðvegur	6.5.2026	GAG	VAR 222II
301	Sk3	D	N, 50 cm	grasrót	6.5.2026	GAG/SGB	
302	Sk3	D	N, 50 cm	brúngulleitur jarðvegur	6.5.2026	GAG/SGB	
303	Sk3	D	N, 50 cm	grófur, grásvartur sandur	6.5.2026	GAG/SGB	
304	Sk3	D	N, 50 cm	marglagskipt foklög, rauðbrún til svört	6.5.2026	GAG/SGB	

305	Sk3	D	N, 50 cm	grófur svartur sandur	6.5.2026	GAG/SGB	
306	Sk3	D	N, 50 cm	marglagskipt foklög, rauðbrún til svört	6.5.2026	GAG/SGB	
307	Sk3	D	N, 50 cm	grábleikt lífrænt jarðlag, móaska?	6.5.2026	GAG/SGB	móaska? jarðabætur?
308	Sk3	D	N, 50 cm	marglagskipt foklög, rauðbrún til svört	6.5.2026	GAG/SGB	
309	Sk3	D	N, 50 cm	aska, fremur óskýrt í sniði en verður skýrara til vesturs, <0,5 cm	6.5.2026	GAG/SGB	mannvist
310	Sk3	D	N, 50 cm	gulbrúnn, einsleitur jarðvegur	6.5.2026	GAG/SGB	
311	Sk3	D	N, 50 cm	grófur svartur sandur	6.5.2026	GAG/SGB	
312	Sk3	D	N, 50 cm	marglagskipt foklög, rauðbrún til svört	6.5.2026	GAG/SGB	
313	Sk3	D	N, 50 cm	svart sandlag	6.5.2026	GAG/SGB	
314	Sk3	D	N, 50 cm	marglagskipt fíngerð foklög, rauðbrún til svört	6.5.2026	GAG/SGB	
315	Sk3	D	N, 50 cm	gráyrjóttur og rauðbleikleitur leirkenndur jarðvegur	6.5.2026	GAG/SGB	
316	Sk3	D	N, 50 cm	gulleitur leirkenndur jarðvegur	6.5.2026	GAG/SGB	
317	Sk3	D	N, 50 cm	Svarbrúnt, einsleitt. Kötlugjóska, forsöguleg	6.5.2026	GAG/SGB	
401	Sk4	D	V, 50 cm	grasrót	5.5.2026	GAG	
402	Sk4	D	V, 50 cm	rauðbrúnn blandaður jarðvegur	5.5.2026	GAG	
403	Sk4	D	V, 50 cm	blandaður hreyfður jarðvegur, einsleitur, rauðbrúnn með gjóskublettum	5.5.2026	GAG	
404	Sk4	D	V, 50 cm	rauðbrúnt jarðvegslag með svörtum óljósum flekkjum, 4 cm þykkt	5.5.2026	GAG	
405	Sk4	D	V, 50 cm	einsleitur, rauðbrúnn jarðvegur með dökkum sandflekkjum	5.5.2026	GAG	
406	Sk4	D	V, 50 cm	marglagskipt fíngerð foklög, rauðbrún til svört	5.5.2026	GAG	
407	Sk4	D	V, 50 cm	blandað rauðbleikleitt jarðvegslag með kolum og móösku, eitt brennt bein, um 10 cm á þykt	5.5.2026	GAG	mannvist
408	Sk4	D	V, 50 cm	gráyrjóttur og rauðbleikleitur leirkenndur jarðvegur	5.5.2026	GAG	
409	Sk4	D	V, 50 cm	rauðbrúnn einsleitur jarðvegur	5.5.2026	GAG	
410	Sk4	D	V, 50 cm	gulleitur einsleitur jarðvegur	5.5.2026	GAG	
411	Sk4	D	V, 50 cm	rauðleitur, einsleitur jarðvegur, svipaður 409	5.5.2026	GAG	
412	Sk4	D	V, 50 cm	gulleitur, einsleitur jarðvegur, svipaður 410	5.5.2026	GAG	
501	Sk5	D	A, 100 cm	grasrót, dökkbrúnn jarðvegur, siltlóm	5.5.2026	GAG	
502	Sk5	D	A, 100 cm	rauðbrúnn leirkenndur jarðvegur, silt, blandaður	5.5.2026	GAG	
503	Sk5	D	A, 100 cm	gulbrúnt leirkennt silt, blandað dökkum sendnum flekkjum	5.5.2026	GAG	
504	Sk5	D	A, 100 cm	einsleitur, gulbrúnn leirkenndur jarðvegur, silt	5.5.2026	GAG	


505	Sk5	D	A, 100 cm	gróft grásvart sandlag	5.5.2026	GAG	
506	Sk5	D	A, 100 cm	marglagskipt fíngerð foklög, rauðbrún til svört	5.5.2026	GAG	
507	Sk5	D	A, 100 cm	bleikbrúnt, einleitt og leirkennt, leirblandað með völusteinum, vatnssorfnum?	5.5.2026	GAG	
508	Sk5	D	A, 100 cm	svart lag, lífrænt?	5.5.2026	GAG	
509	Sk5	D	A, 100 cm	marglagskiptur fínn jarðvegur, rauðbrúnar til svartar linsur	5.5.2026	GAG	
510	Sk5	D	A, 100 cm	sama og 509	5.5.2026	GAG	
511	Sk5	D	A, 100 cm	blandaður gulleitur og flekkóttur jarðvegur	5.5.2026	GAG	
512	Sk5	D	A, 100 cm	marglagskiptur finn jarðvegur, gulbrúnn til rauðbrúnn og svargráar sandlinsur	5.5.2026	GAG	
513	Sk5	D	A, 100 cm	Lagskiptur rauðbleikur jarðvegur með móösku og kolum,	5.5.2026	GAG	mannvist
514	Sk5	D	A, 100 cm	gráyrjóttur og rauðbleikleitur leirkenndur jarðvegur	5.5.2026	GAG	við efri lagmörk fundust hreyfðar leifar Landnámslags stutt undir ummerkjum um mannvist (kol og móaska)
515	Sk5	D	A, 100 cm	gulbrúnn leirkenndur hreinn jarðvegur	5.5.2026	GAG	
516	Sk5	D	A, 100 cm	Katla, forsöguleg, rauðsvarbrún	5.5.2026	GAG	
517	Sk5	D	A, 100 cm	líkt 515	5.5.2026	GAG	
518	Sk5	D	A, 100 cm	Katla, forsöguleg, hörð, grásvört	5.5.2026	GAG	
601	Sk6	D	A, 100 cm	grasrót	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
602	Sk6	D	A, 100 cm	gulrauðbrúnn jarðvegur, blandaður sandi og hugsanlega gjósku	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
603	Sk6	D	A, 100 cm	grásvartur sandur, hugsanlega gjóska	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
604	Sk6	D	A, 100 cm	marglagskiptur finn jarðvegur, gulbrúnn til rauðbrúnn og svargráar sandlinsur	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
605	Sk6	D	A, 100 cm	grásvartur sandur	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
606	Sk6	D	A, 100 cm	marglagskiptur finn jarðvegur, gulbrúnn til rauðbrúnn og svargráar sandlinsur	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
607	Sk6	D	A, 100 cm	grásvartur sandur	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
608	Sk6	D	A, 100 cm	marglagskiptur fÍnn jarðvegur, gulbrúnn til rauðbrúnn og svargráar sandlinsur	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
609	Sk6	D	A, 100 cm	grásvartur sandur	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
610	Sk6	D	A, 100 cm	marglagskiptur fínn jarðvegur, pastellitir, leirríkur og blautur	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
611	Sk6	D	A, 100 cm	móöskublandaður jarðvegur, flekkir af viðarösku og kolum	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5, mannvist
612	Sk6	D	A, 100 cm	gráyrjóttur og rauðbleikleitur leirkenndur jarðvegur	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5

613	Sk6	D	A, 100 cm	gulleitur jarðvegur	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
614	Sk6	D	A, 100 cm	rauðleitur til svartur jarðvegur	6.5.2026	GAG/SGB	Milli Sk4 og Sk5
701	Sk7	D	A, 50 cm	grasrót	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	Milli Sk5 og Sk8
702	Sk7	D	A, 50 cm	dökkbrúnn jarðvegur, blandaður dökkum sandi	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	Milli Sk5 og Sk8
703	Sk7	D	A, 50 cm	grófur svartur sandur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	Milli Sk5 og Sk8
704	Sk7	D	A, 50 cm	marglagskipt foklög, rauðbrún til grábrún	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	Milli Sk5 og Sk8
705	Sk7	D	A, 50 cm	svargrár sandur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	Milli Sk5 og Sk8
706	Sk7	D	A, 50 cm	svipað 704	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	Milli Sk5 og Sk8
707	Sk7	D	A, 50 cm	blandaður jarðvegur með kolum, lítil móaska	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	Milli Sk5 og Sk8, mannvist
708	Sk7	D	A, 50 cm	yrjótt, gulleitt og grátt mjög leirkennt jarðvegslag	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	Milli Sk5 og Sk8
709	Sk7	D	A, 50 cm	grá linsa af leirkenndum jarðvegi	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	Milli Sk5 og Sk8
801	Sk8	D	A, 50 cm	grasrót	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
802	Sk8	D	A, 50 cm	dökkbrúnn, einsleitur hreyfður jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
803	Sk8	D	A, 50 cm	lítt malarblandaður einsleitur gulbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
804	Sk8	D	A, 50 cm	grásvartur sandur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
805	Sk8	D	A, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
806	Sk8	D	A, 50 cm	gráleitur sandur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
807	Sk8	D	A, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
808	Sk8	D	A, 50 cm	móöskulinsa, mjög fín, <0,5 cm þykk, óbrotin í skurði	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	mannvist
809	Sk8	D	A, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
810	Sk8	D	A, 50 cm	örþunnt rauðleitt lag með kolum <0,5 cm, slitur í sniði hér og þar	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	mannvist
811	Sk8	D	A, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
812	Sk8	D	A, 50 cm	lífræn linsa	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
813	Sk8	D	A, 50 cm	kolablandað lífrænt lag	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
814	Sk8	D	A, 50 cm	grá- og gulbrúnflekkótt leirkennt jarðvegslag	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
901	Sk9	D	V, 50 cm	ungt yfirborð, túnasléttun, dökkbrúnn rótarskotinn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
902	Sk9	D	V, 50 cm	eldra yfirborð, gamla grasigróna yfirborðið enn skýrt, dökkbrúnn rótarskotinn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
903	Sk9	D	V, 50 cm	brúngulur jarðvegur, rótarskotinn	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
904	Sk9	D	V, 50 cm	Katla 1500, in situ, svört gjóska	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
905	Sk9	D	V, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
906	Sk9	D	V, 50 cm	gráleitur sandur, grófur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	

907	Sk9	D	V, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
908	Sk9	D	V, 50 cm	gráleitur sandur, grófur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
909	Sk9	D	V, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
910	Sk9	D	V, 50 cm	örþunn linsa af móösku, <0,5 cm	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	mannvist
911	Sk9	D	V, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
912	Sk9	D	V, 50 cm	blandaður leirkenndur rauðbleikur jarðvegur með móösku og kolum	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	mannvist
913	Sk9	D	V, 50 cm	gráblandaður	7.5.2026	GAG/SGB/RGG	
1001	Sk10	D	N, 50 cm	grasrót	7.5.2026	GAG/RGG	
1002	Sk10	D	N, 50 cm	gulbrúnn rótarskotinn jarðvegur	7.5.2026	GAG/RGG	
1003	Sk10	D	N, 50 cm	gulrauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/RGG	
1004	Sk10	D	N, 50 cm	grásvartur sandur	7.5.2026	GAG/RGG	
1005	Sk10	D	N, 50 cm	gulrauður einsleitur jarðvegur	7.5.2026	GAG/RGG	
1006	Sk10	D	N, 50 cm	svipað 1004	7.5.2026	GAG/RGG	
1007	Sk10	D	N, 50 cm	svipað 1005	7.5.2026	GAG/RGG	
1008	Sk10	D	N, 50 cm	grásvartur sandur	7.5.2026	GAG/RGG	
1009	Sk10	D	N, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/RGG	
1010	Sk10	D	N, 50 cm	grásvartur grófur sandur	7.5.2026	GAG/RGG	
1011	Sk10	D	N, 50 cm	marglagskipt foklög, sandur, möl og rauðbrúnn jarðvegur	7.5.2026	GAG/RGG	
1012	Sk10	D	N, 50 cm	yrjótt, gulleitt og grátt mjög leirkennt jarðvegslag	7.5.2026	GAG/RGG	

norðaustan við bæjarhól ÁR-514:001. Skurðir 4-9 voru allir grafnir sunnan þessa vegslóða. Skurðirnir sneru gróflega norður-suður til norðaustur-suðvestur með 2-10 m millibili, um 15 m norðaustan við bæjarhól. Skurður 10 var grafinn neðan malarslóða samsíða skurði 1 í austurjaðri heimatúns, rétt ofan við byggingar við hlaðið að Sogni.


Skurður 1 var grafinn í norðausturhorni úttektarsvæðis í útjaðri heimatúns. Skurðurinn var um 7,5 m á lengd, um 1,7 m á dýpt og snéri norðvestur-suðaustur. Í skurðinum var teiknað 50 cm breitt snið að norðaustanverðu, um 1,8 m frá suðausturenda skurðarins. Í skurðinum sáust engin skýr ummerki um mannvist, aðeins náttúruleg upphleðsla jarðvegslaga. Efst í sniði voru greinilegar leifar Kötlu 1500 (Mynd 5) en ofan við gjóskulagið hefur jarðlögum verið umbylt vegna túnræktar og sléttunar. Gjóskan hvarf til vesturs í túni en kom aftur í ljós í skurði 2 í grunnri dæld (sjá [254] í sniði 2B).




Mynd 5. *Svört Kötlugjóska frá því um-1500 sést hér efst í norðursniði skurðar 1 í útjaðri heimatúns. Gjóskan sést einnig í sniði 2B í skurði 2 sem og í sniði í skurði 9, sem er einnig í austurjaðri heimatúns.*

Skurður 2 var grafinn um 10 m norðvestan við skurð 1. Skurður 2 var um 12 m á lengd, um 1,5 m á dýpt og snéri norðvestur-suðaustur. Teiknuð voru tvö snið 2A og 2B í norðausturhlið skurðar. Snið 2A var 50 cm breitt og staðsett um 3 m frá suðausturenda skurðar. Þar sást eitt óljóst lag af ösku [211] í sniði. Snið 2B var 1 m á breidd og staðsett um 4,5 m lengra til suðausturs frá sniði 2A.

Í sniði 2B komu í ljós skýr ummerki um niðurgröft undir Kötlu 1500 (Mynd 6). Annað móöskulag [262] kom í ljós nokkuð neðarlega í sniði 2B, rúman 0,5 m undir Kötlu 1500 og var skurðurinn því dýpkaður í 2 m við sniðin tvö til öryggis. Ekki komu þó í ljós fleiri mannvistarlög í þessum skurði.




Mynd 6. *Ummerki um rás eða niðurgröft í sniði 2B undir Kötlu 1500 in situ. Ef um rás er að ræða hefur hún líklega legið niður brekku til suðurs. Ljósmynd: Guðrún Alda Gísladóttir.*



Mynd 7*. Skýr marglagskipt jarðvegslög í þykkri syrpu af fokjarðvegi ásamt a.m.k. einni fínni grárri linsu af ösku fyrir miðri mynd. Þessi jarðvegslög sáust í báðum norðursniðum skurðar 2 (A og B). Ljósmynd: Guðrún Alda Gísladóttir.*


Skurður 3 var grafinn í beinu framhaldi af skurði 2, um 13 m norðvestar. Skurðurinn var um 15 m á lengd, var mest um 2,1 m á dýpt og snéri norðvestur-suðaustur. Skurðurinn var sá vestasti ofan malarslóða og var hann dýpstur í suðausturenda. Þar var teiknað um 50 cm breitt norðursnið um 1,5 m frá enda. Einu mannvistarleifarnar sem sáust í skurðinum var örþunnt bleikleitt lag af hugsanlegri móösku [307] og <1 cm þykkt lag af bleikgrárri ösku [309]. Neðra öskulagið innihélt bæði viðar- og móösku og viðarkol og er líklega sama lag og [262] í skurði 2 (snið 2B). Suðaustast í skurði var þetta lag um 1,10 m undir sverði, örþunnt og vart greinanlegt en hinsvegar mjög skýrt í vesturhluta skurðarins á um 95 cm dýpi. Ekki er útlokað að lag [307] og lag [211] í sniði 2A séu sama jarðlag.

Skurður 4 var grafinn vestast neðan við malarslóða í miðju heimatúni, um 7 m sunnan við vesturenda skurðar 3. Skurður 4 var um 14 m lengd, um 1,6 á dýpt og snéri norður-suður. Teiknað var 50 cm breitt vestursnið um 1,5 m norðan við suðurenda. Í þessu sniði var skýr mannvist á um 1,2 m dýpi þar sem ~10 cm þykkt jarðvegslag [407] var greinilega blandað móösku og kolum. Mannvistarlagið sat á náttúrulegu leiðarlagi [408] úr leirkenndum, grá- og gulyrjóttum rauðgráleitum umbyltum jarðvegi sem var neðst í öllum skurðunum í túni ([111=272=315=408=612=514=708=814=913=1012]), í skurði 5 rétt undir landnámslaginu; Mynd 4).



***Mynd 8**. Óvenjuleg ummerki sáust í fínlagskiptum fokjarðvegslögum í skurði 5 þar sem virðist hafa verið klippt á jarðvesglögin. Líklegt er að þessi skörun jarðlaga hafi myndast vegna jarðskjálfta frekar en að vera mannaverk. Ljósmynd tók Guðrún Alda Gísladóttir.*

Skurður 5 var grafinn um 9 m austan við skurð 4. Skurður 5 var um 15 m á lengd, 1,5-2,1 m á dýpt og snéri NNA-SSV. Teiknað var 1 m breitt austursnið nálægt miðju skurðar, um 5,5 m norðan við suðurenda hans. Í sniði mátti sjá óvenjuleg ummerki á fínlagskiptum fokjarðvegslögum þar sem virtist hafa verið klippt á jarðvegslögin (Mynd 8). Líklegt er að þessi skörun jarðlaga hafi myndast vegna jarðskjálfta frekar en að vera mannaverk (Mynd 9). Á um 1,6 m dýpi var lagskipt rauðbleikbrúnt jarðvegslag [513], blandað móösku og kolum. Á þessu dýpi í sniðinu sást landnámsgjóskan ekki, en í suðurenda skurðarins mátti sjá óljósar leifar hennar á um 1,7 m dýpi undir þessu mannvistarlagi (Magnús Á. Sigurgeirsson, 2025, sjá Viðauka 2), við efri lagmót á náttúrulegu leiðarlagi [514].



Mynd 9. *Í öllum skurðum mátti sjá mjög umfangsmikla uppsöfnun fínlagskipts fokjarðvegs í heimatúni að Sogni. Hér og þar mátti einnig sjá skýr ummerki um tilfærslu jarðlaga í sniðum vegna jarðskjálfta. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gísladóttir.*

Skurður 6 var svo grafinn milli skurðar 4 og 5 þar sem talið var of breitt ókannað svæði á milli þessara tveggja skurða svo nærri bæjarhól. Skurður 6 var grafinn um 4,5 m austan við skurð 4. Skurður 6 var um 16 m á lengd, 1,5-2 m á dýpt og snéri NNA-SSV. Teiknað var um 1 m breitt austursnið um miðbik skurðar, um 7 m norðan við suðurenda. Í sniði sást um 10 cm þykkt jarðvegslag [611] blandað móösku á um 1,5 m dýpi frá yfirborði (sama og [407] og [513]).

Skurður 7 var svo staðsettur um 5 m austan við skurð 5. Skurður 7 var um 14,5 m á lengd, um 1,5-1,8 m á dýpt og snéri NNA-SSV. Teiknað var 50 cm breitt austursnið um 3,5 m sunnan við

norðurenda skurðar. Aftur sáust ummerki um bruna og kol á 1,4-1,5 m dýpi undir sverði í jarðvegslagi [707] en annars engin önnur skýr mannvistarlög. Mannvistarlagið virðist hér vera farið að þynnast út til austurs eftir því sem fjær dregur bæjarhól.

Skurður 8 var grafinn 5 m austan við skurð 7. Skurður 8 var um 16 m á lengd, 1,6-2 m á dýpt og snéri norðaustur-suðvestur. Teiknað var 50 cm breitt austursnið, um 2 m sunnan við norðurenda skurðarins. Nyrst í skurði var komið niður á gamalt vatnsrör svo aðeins var grafið þar um 0,5 m niður en farið var dýpst í suðurenda, eða um 2 m. Mannvist í skurðinum var örlítil móaska og kol í fínum lögum [808] (Mynd 10) og [810], ásamt kola- og öskublönduðum jarðvegi í [813], eins og í öðrum skurðum, á 1,6 m dýpi. Þetta mannvistarlag þynnist greinilega til austurs en þykkt þess í þessu sniði var ekki meira en 5 cm.



***Mynd 10**. Skýr <1 cm þykk rauðbleik, kolablönduð móöskulinsa [808] fannst á um 1,1 m dýpi í suðaustursniði skurðar 8. Um 25 cm neðar í sniði sást einnig önnur móöskulinsa [810], en hún var slitrótt og mun óljósari. Hér má einnig sjá mjög skýrt hina marglagskiptu jarðvegsuppsöfnun í heimatúni að Sogni. Jarðvegslögin eru misjöfn að samsetningu, alveg frá því að vera úr fínu leirkenndu silti alveg yfir í grófan sand og möl, en þó sjaldnast þykkari en 2 cm. Ljósmynd tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

Skurður 9 var grafinn um 9 m suðaustan við og samsíða skurði 8 austast í túni. Skurður 9 var um 17 m á lengd, 1,5-1,8 m á dýpt og snéri norðaustur-suðvestur. Teiknað var 50 cm vestursnið um 5 m frá norðurenda skurðar. Efst í sniði skurðarins sást greinilega hvar jarðvegi [901] hafði verið ýtt yfir eldra yfirborð túnsins [902] við túnasléttun. Leifar af Kötlu 1500 höfðu einnig varðveist

ofarlega í nyrðri hluta skurðarins (Mynd 4) en hún hvarf um miðbik hans. Nyrst í sniðinu sást einnig skýrt móöskulag [910] á um 1,1 m dýpi (líklega sama og [808]) sem þynntist þegar sunnar dró og hvarf einnig um miðbik skurðar. Neðst í skurði á um 1,6 m dýpi var aftur skráður blandaður jarðvegur [912] með leifum af móösku og kolum (líklega sama og [813]), en þar var mannvistarlagið orðið <5 cm á þykkt. Engin ummerki um þetta mannvistarlag sáust í skurði 10. Út frá jarðlögum í þessum skurði er hægt að leiða líkur að því að jarðvegsuppsöfnun á svæðinu hafi verið a.m.k. +1,5 mm á ári frá landnámi fram til um 1500.

Skurður 10 var grafinn undir brekkunni neðan við malarslóða í austurjaðri túns í norðausturhorni svæðis AB, um 5 m sunnan við skurð 1 og 6,5 m norðaustan við norðurenda skurðar 9. Skurður 10 var 16 m á lengd, um 1,6 m á dýpt og snéri norðvestur-suðaustur. Teiknað var 50 cm breitt norðursnið um 4 m frá vesturenda skurðar. Frostverkun var áberandi austast í skurði og melatíglar sáust í plani við vélgröft. Engin skýr mannvistarlög eða gjóskur sáust í sniði á þessum stað, hvorki móöskulög né kolablandaður jarðvegur eins og voru greinileg nær bæjarhól í skurðum 4-9. Gráyrjótta náttúrlega leiðarlagið [1012] var þó einnig neðst í þessum skurði sem öðrum.

4. Niðurstöður

